

9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 771/1997 með sama heiti.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Þórður H. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. desember 1999, breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, sem samþykkt var 24. nóvember 1998.

Breytingin felst í:

- breyttri staðsetningu á byggingareit bílskúrs,
- breytingu á fyrirkomulagi almennra bílastæða,
- stækkun á lóð nr. 1 við Öldugötu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. desember 1999.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ vegna leikskólans Norðurbergs í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999, breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ sem samþykkt var 26. júlí 1972.

Breytingin felst í að gæsluvöllur við Norðurvang er lagður niður og gert er ráð fyrir möguleika á stækkun leikskólans Norðurbergs.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. desember 1999.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skeiðahreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurlands eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð flokkaðs úrgangs.

3. gr.

Sérhverjum húsráðenda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Flokkuðum úrgangi skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynna íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti ár hvert og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6. gr.

Íbúar og rekstraraðilar skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir myndun úrgangs og koma endurnýtanlegum úrgangi til endurnýtingar.